

Dómsmálaráðuneyti

Reykjavík, 10. ágúst 2026

Efni: Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um áform um breytingu á vændiskaupaákvæði almennra hegningarlaga

Ljóst er að umræðan um hvort og þá hvernig taka eigi á vændi í refsilöggjöf getur verið flókin og vandmeðfarin. Mannréttindastofnun Íslands telur því mikilvægt að stjórnvöld horfi á málið út frá öllum hliðum og hafi mannréttindi þolenda mansals sem og þeirra einstaklinga sem stunda eða hafa stundað vændi að leiðarljósi. Einnig er mikilvægt að gefa einstaklingum í slíkri stöðu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og taka tillit til reynslu þeirra.

Að mati Mannréttindastofnunar er ekki hægt að líta framhjá þeim sterku tengslum sem eru á milli vændis og mansals í kynferðislegum tilgangi. Líkt og fram kemur í áformunum hefur lögreglan bent á að stór hluti þeirra einstaklinga sem auglýsa vændi hér á landi séu í raun þolendur mansals. Má því til stuðnings einnig benda á nýlegar fréttir um alþjóðlegar lögregluaðgerðir, en þar kemur fram að fjöldi kvenna hér á landi séu þvingaðar í vændi af glæpasamtökum.

Enn fremur hefur verið bent á að vændi sem slíkt geti í eðli sínu falið í sér kynferðislegt ofbeldi og misnotkun, auk þess sem það samræmist illa mannlegri reisu að líta á líkama kvenna og annarra einstaklinga sem söluvöru. Í skýrslu frá sérstökum skýrslugjafa Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum og stúlkum frá árinu 2024 kemur til dæmis fram að vændi feli í sér kerfislægt ofbeldi, sem brjóti gegn mannréttindum kvenna. Sambærileg sjónarmið hafa einnig verið sett fram af kvennaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sbr. meðal annars almenna athugasemd nefndarinnar nr. 38 frá árinu 2020.

Af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði mannréttinda leiðir auk þess að stjórnvöldum ber að grípa til aðgerða til þess að vinna gegn vændi og mansali. Má til dæmis benda á 6. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, þar sem fram kemur að gera skuli viðeigandi ráðstafanir, þ. á m. með lagasetningu, til að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðrarstarfsemi tengdri vændi kvenna. Þá samþykkti íslenska ríkið í síðustu allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála árið 2022 tilmæli um að tryggja virkari úrræði til að sporna við mansali og leitast við að draga úr eftirspurn etir vændi til að koma í veg misnotkun viðkvæmra hópa.

Í ljósi þess sem að framan greinir telur Mannréttindastofnun Íslands jákvætt að almennum hegningarlögum verði breytt í þeim tilgangi að draga úr eftirspurn eftir vændi, mansali í kynferðislegum tilgangi og skipulagðri brotastarfsemi. Stofnunin vísar í því sambandi til umsagnar Bjarkahlíðar - miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, þar sem fram kemur að núverandi fyrirkomulag hafi lítinn fælingarmátt og að vaxandi eftirspurn eftir vændi hafi verið mætt með því að flytja mansalsþolendur til landsins í auknum mæli. Sömuleiðis tekur stofnunin undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Stígamóta, um að mörkin milli kynlífsvinnu, vændis og mansals séu oft óskýr og geti hæglega færst til.

Á sama tíma bendir Mannréttindastofnun á mikilvægi þess að vinna gegn fordómum og vernda mannréttindi þeirra einstaklinga sem eru eða hafa verið í vændi. Oftar en ekki er um að ræða einstaklinga sem tilheyra jaðarsettum hópum, sem eiga hættu á að verða fyrir fjölþættri mismunun. Áhyggjur hafa verið settar fram um að harðari refsingar við vændiskaupum geti haft í för með sér enn frekari jaðarsetningu einstaklinga í þessari stöðu og aukið hættuna á ofbeldi eða annars konar illri meðferð. Má þar til dæmis benda á sameiginlegar leiðbeiningar um mannréttindi kynlífsverkafólks frá sérstökum skýrslugjafa Sameinuðu þjóðanna um rétt allra til besta mögulega heilbrigðis, sjálfstæðum sérfræðingi Sameinuðu þjóðanna um vernd gegn ofbeldi og mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar og vinnuhópi Sameinuðu þjóðanna um mismunun gegn konum og stúlkum. Telur Mannréttindastofnun því mikilvægt að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum samhliða fyrirhuguðum breytingum á almennum hegningarlögum. Enn fremur er brýnt að styrkja þau úrræði sem standa einstaklingum í þessari stöðu til boða og tryggja að úrræðin séu þess eðlis að einstaklingar geti raunverulega nýtt sér þau.

Að lokum minnir Mannréttindastofnun á að eitt af meginhlutverkum hennar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðbúin í frekara samtal eða samráð um áformin eða önnur málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri